



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 14. október 2024
24032668/005.05 JVK

Efni: Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa um þau atriði sem snerta sveitarfélögin í nýgerðum kjarasamningum

Í aðdraganda kjarasamninga á almennum vinnumarkaði voru einkum þrjú atriði er snerta sveitarfélögin og verður hér farið yfir hvernig Kópavogsbær hefur brugðist við þessum atriðum.

1. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum

Kópavogsbær hefur frá og með haustinu 2024 boðið upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir fyrir grunnskólabörn og hyggst gera svo út samningstímann af því gefnu að forsendur kjarasamninga um launahækkanir á almennum og opinberum vinnumarkaði haldi. Áfram er gjaldskrá Kópavogsbæjar uppfærð í takt við raunkostnað til að tryggja gagnsæi, annars vegar um hlutdeild Kópavogsbæjar í niðurgreiðslu skólamáltíða og hins vegar ríkisins -sjá mynd hér að neðan.

Samkvæmt samkomulaginu var gert ráð að ríkið myndi leggja til 75% kostnaðar við fríar skólamáltíðir og sveitarfélögin 25%. Haustið 2024 er Kópavogsbær að niðurgreiða 31% af viðbótar kostnaði við gjaldfrjálsar skólamáltíðir grunnskólabarna en ríkið 69%.

Mikilvægt er að ríkið standi við gerða kjarasamninga og tryggi að kostnaðarþátttaka ríkisins sé 75% líkt og samið var um, ljóst er að kostnaður er umfram það sem ríkið áætlaði á árinu 2024 og fjármagn ríkisins dugir því ekki til að uppfylla markmið ríkisins. Mismunurinn lendir því á sveitarfélögum sem er óásættanlegt.



Mötuneyti grunnskóla

Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

Prenta gjaldskrá

Skólamáltíðir verða gjaldfrjálsar frá upphafi skólaárs 2024-2025.

Mikilvægt er þó að skrá nemendur í áskrift í mötuneyti til þess að hægt sé að halda utan um ofnæmi, óþol og sérfæði, og til þess að áætla réttan fjölda nemenda í mat og lágmarka matarsóun.

Skráning fyrir alla nemendur fer fram í gegnum [Þjónustugátt](#), nema fyrir nemendur Smáraskóla þar sem skráning fer fram hjá [Skólamatur.is](#).

Niðurgreiðsla

Undanfarin ár hefur verið innheimt gjald fyrir skólamáltíðir sem verið hefur niðurgreitt að hluta af Kópavogsbæ. Frá ágúst 2024 verða skólamáltíðir niðurgreiddar að fullu með aðkomu ríkisins í samræmi við breytingu á lögum um jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Hér að neðan má sjá áskriftargjald í mötuneyti og hvernig viðbótar niðurgreiðsla skólamáltíða skiptist nú milli ríkis og Kópavogsbæjar fyrir hvern nemanda frá ágúst 2024.

Mánaðarlegt áskriftargjald á nemenda	0 kr	0%
Framlag ríkissjóðs (umreiknað m.v. skólaár)	8.497 kr	69%
Viðbótar niðurgreiðsla Kópavogsbæjar	3.869 kr	31%
Samtals niðurgreiðsla á mánuði	12.366 kr	100%

2. Gjaldskrárhækkanir sveitarfélaga

Til að stuðla að verðstöðugleika var þeim tilmælum beint til sveitarfélaga að hækka ekki gjaldskrár fyrir árið 2024 umfram 3,5%. Sérstaklega var horft til gjaldskráa er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Einnig var því beint til sveitarfélaga að stilla gjaldskrárhækkunum á samningstímanum í hóf eins og nokkur kostur er.

Undanfarin ár hafa gjaldskrárbreytingar verið gerðar samhliða fjárhagsáætlun, einu sinni á ári, og breytingarnar verið byggðar á spá um þróun á vísitölu neysluverðs skv. Þjóðhagsspá Hagstofunnar. Vísitala neysluverðs endurspeglar hins vegar ekki raunverulegan rekstrarkostnað stofnana bæjarins, einkum hjá þeim stofnunum þar sem þjónusta vegur þungt - þar fylgir rekstrarkostnaður þróun launa fremur en þróun verðlags.

Í júlí 2023 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs að taka upp breytt verklag og viðmið við útreikninga á gjaldskrárbreytingum með það að markmiði að fanga betur kostnaðarverðsbreytingar í rekstri. Þá var jafnframt samþykkt að breytingar á gjaldskrár yfir tíðari yfir árið í smærri skrefum í stað þess að taka eitt stórt skref í




upphaf árs. Breytingar á gjaldskrár eru því byggðar á raunþróun kostnaðar en ekki spá um verðlagsþróun næstu tólf mánuði fram í tímann.

Minnisblað þess efnis má finna [hér](#).

Gjaldskrár menntasviðs eru þær gjaldskrár sem snerta barnafjölskyldur. Líkt og sést á meðfylgjandi mynd hafa gjaldskrár menntasviðs hækkað fjórum sinnum yfir árið og eru heildargreiðslur foreldra til þessara þjónustu að hækka um 2,4% (vegin meðalhækkun). Hefði Kópavogsbær fylgt gamla verklaginu en þá hefðu gjaldskrár hækkað um 5,6% miðað við spá um verðbólguþróun í upphafi árs 2024.

Meðal hækkun á gjaldskrár menntasviðs Kópavogsbæjar 2024
- þróun og samanburður miðað við viðmið



Vegin heildargreiðsla íbúa eftir breytingar á verklagi er reiknuð út frá eftirfarandi formúlu:

$$\begin{aligned} &\text{Vegin hækkun á árinu 2024} = \\ &(((\text{Gjaldskrárbreyting}_{1F\ 2024}) * 0,25 + (\text{Gjaldskrárbreyting}_{2F\ 2024}) * 0,25 + \\ &(\text{Gjaldskrárbreyting}_{3F\ 2024}) * 0,25 + (\text{Gjaldskrárbreyting}_{4F\ 2024} * 0,25)) / \text{Gjaldskrá}_{2023}) - 1 \end{aligned}$$

Í þessu samhengi er hins vegar mikilvægt að hafa í huga að kennarar í leik- og grunnskólum hafa enn ekki samið og eru yfirvofandi verkföll að öðru óbreyttu, en þessi hópur er um 40% af starfsfólki Kópavogsbæjar. Hvernig gjaldskrárbreytingar þróast á næstu árum mun haldast í hendur við þær launahækkanir sem um verður samið.

3. Áhersla á öfluga uppbyggingu húsnæðis

Kópavogsbær mun leggja sitt af mörkum til að tryggja öfluga uppbyggingu húsnæðis. Til að tryggja húsnæði á viðráðanlegu verði er mikilvægt að vinna upp framboðsskortinn sem hefur verið viðvarandi á höfuðborgarsvæðinu um langt skeið.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Metið er að árlega þurfi að byggja 5.000 nýjar íbúðir til að mæta þörfinni en til samanburðar hafa verið byggðar 1.280 íbúðir árlega á síðustu fimmtán árum. Tekjulágir einstaklingar og ungt barnafólk með meðaltekjur á margt hvert ekki möguleika á að eignast þak fyrir höfuðið. Við þessu þarf að bregðast við.

Forsendur vaxtamarka sem voru sett 2015 eru brostnar. Í fyrsta lagi hefur fólksfjölgun verið langt umfram það sem gert var ráð fyrir auk þess sem ekki var tekið tillit til áhrifa öldrun íslensku þjóðarinnar á húsnæðismarkaðinn. Kópavogsbær getur einungis byggt 5.000 íbúðir innan núverandi vaxtamarka til ársins 2040. Ljóst er að ef Kópavogsbær á að geta mætt þörfum íbúa og stuðlað að hagkvæmu húsnæði fyrir alla þarf að endurskoða vaxtamörkin sem snúa að Kópavogsbæ.

Áhersla er lögð á að sveitarfélög muni áfram stuðla að markvissri uppbyggingu húsnæðis í gegnum almenna íbúðakerfið með opinberum stuðningi gegnum stofnframlög og hlutdeildarlána til að treysta húsnæðiskostnað á viðráðanlegu verði. Hjá Kópavogsbæ hafa verið veitt stofnframlög fyrir um 190 m.kr. Á þessu ári hafa verið veit stofnframlög í 6 íbúðir í samstarfi við Brynju fyrir samtals 46 m.kr.

Að lokum

Efnahagslegur stöðugleiki er eitt helsta hagsmunamál heimila. Mikilvægt er að allir leggist á eitt við að stuðla að hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta. Mikilvægum áfanga var náð á almennum vinnumarkaði með kjarasamningum vorið 2024 fyrir tilstuðlan hins opinbera sem lagði til 80 milljarða króna aðgerðapakka til að liðka fyrir gerð kjarasamninga. Ljóst má vera að merkið var gefið í vor og mikilvægt að opinberi markaðurinn fylgi í kjölfarið. Kópavogsbær hefur lagt sitt að mörkum í þessu samhengi og hafa gjaldskrárhækkanir á barnafjölskyldur að meðaltali verið 2,4% sem er vel undir 3,5% viðmið sem lagt var upp með. Ef forsendur kjarasamninga halda á vinnumarkaðnum í heild og sú launastefna sem var mörkuð í vor heldur, þá eru allar forsendur til þess að ætla að áfram verði gjaldskrárbreytingar hóflegar í takt við hóflegar launahækkanir.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08.2026